

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollskrárnúmer</i>		stk.	%	kr./stk.
0602.2000 Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0602.3000 Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
<b>Rósir, einnig ágræddar:</b>				
0602.4010 Í smásöluumbúðum	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0602.4090 Aðrar	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0602.9030 Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
<b>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</b>				
0602.9041 Skógartré	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
<b>Annað:</b>				
0602.9045 Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0602.9049 Annars	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
<b>Aðrar útiplöntur:</b>				
0602.9051 Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
<b>Græðlingar með rót og unglöntur, þó ekki kaktusar:</b>				
0602.9071 Til framhaldsræktunar í garðyrkjustöðvum í a.m.k. tvo mánuði	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0602.9079 Annars	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
<b>Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar:</b>				
0602.9091 Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-30.06.08	2.000	30	0
0602.9091 Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.08	1.500	30	0
0602.9092 Aðrar	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
<b>Aðrar:</b>				
0602.9093 Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-30.06.08	2.500	30	0
0602.9093 Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.07.-31.12.08	1.800	30	0

<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i>	<i>Verðtollur</i>	<i>Magntollur</i>
<i>Tollskrárnúmer</i>		<i>stk.</i>	<i>%</i>	<i>kr./stk.</i>
og plönturnar Erica Gracilis og Calluna				
0602.9099 Annars	01.01.-31.12.08		30	0
<b>Lifandi:</b>				
0603.1202 Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.08	ótilgr.	15	48
0603.1300 Brönugrös (orchids)	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0603.1400 Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.01.-30.06.08	9.000	30	0
0603.1400 Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.07.-31.12.08	6.500	30	0
0603.1901 Ættkvíslirnar Protea, Banksia, Leucadendron og Brunia	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0603.1902 Afskornar greinar með berjum og ávöxtum, óætum af ættkvíslunum: Ligustrum, Callicarpa, Gossypium, Hypericum, Ilex og Symphoricarpos	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0603.1903 Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0603.1905 Innflutningur á öðrum tíma (01.05-30.11.) (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísarfuglablóm.)	01.05.-30.11.08	ótilgr.	15	48
0603.1909 Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.08	166.250	30	0
0603.1909 Annars (afskorin blóm)	01.07.-31.12.08	118.750	30	0
<b>Annað:</b>				
0604.9101 Jólatri, án rótar	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0604.9102 Jólatriregreinar	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0604.9109 Annað	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0
0604.9900 Annars	01.01.-31.12.08	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollskrárnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur samkvæmt útgefnum tollkvótum.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollskrárnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta. Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollskrárnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Úthlutun skv. 1. mgr. er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2008.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. desember 2007.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2007